



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Bjartahlíð starfsáætlun

2022 – 2023



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Erasmus+ samstarf.....	4
3 Starfsþróun innleiðing menntastefnu - Sköpun.....	5
4 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....	7
Mat deildastjóra á innleiðingu læsis.....	10
5 Innra mat sérkennslu.....	13
6 Innra mat – fjöltyngd börn .....	15
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
9 Skipulagt tónlistarstarf .....	17
10 Foreldrasamvinna.....	18
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	18
12 Fylgigögn.....	18



## Leiðarljós leikskólans

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag. Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk leikskólans hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir, þau eru:

**Gleði, samvinna, jákvæðni.**

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið einkenndist af Covid-19 faraldrinum, viðhafðar voru miklar sóttvarnir og foreldrar komu lítið inn í leikskólann. Talsvert var um lokanir vegna smita sem upp komu. Eitt skipti lokaði allur leikskólinn í hálfan dag en í nokkur skipti lokaði ein og ein deild í allt að þrjú daga. Talsverð veikindi voru hjá starfsfólki, þar sem flestir fengu Covid -19. Fljótlega eftir áramót dró úr smitum og allt færðist í betra horf. Þann 28. apríl gátum við loksins boðið öllum foreldrum í vöfflukaffi.

Aðlögun nýrra barna gekk vel og einnig aðlögun barna milli húsa. Starfsmannahópurinn var nokkuð stöðugur. Í október var ráðinn nýr sérkennslustjóri sem var mjög góð viðbót við stjórnunarteymi leikskólans. Þrír starfsmenn voru í námsleyfi. Þetta árið vorum við með nokkra háskóla- og menntaskólanema í tímavinnu, sem hægt var að kalla á þegar vantað starfsfólk. Það kom þó ekki í veg fyrir að við þurftum nokkur sinnum að senda börn heim vegna manneklu.

Á fyrsta skipulagsdegi 10. september var kynning á þróunarverkefninu „Læsi fyrir lífið“ sem var þáttur okkar í innleiðingu Menntastefnu þetta skólaár. Allt skólaárið var áhersla á læsi, mikið var keypt af nýjum bókum og öðru námsefni til að styðja við verkefnið. Lögð var áhersla á að tvær og tvær deildir eflðu samstarf sín á milli, ættu samtalsvettvang og sköpuðu þannig lærdómssamfélag.

Á skipulagsdegi 16. maí máluðu starfsmenn ýmiss konar bókstafi og tölustafi á stéttir á útileiksvæðið bæði í Stakkahlíð og Grænuhlíð.

Á skipulagsdegi í febrúar horfði starfsfólk á nokkra sýningabása menntastefnumóts læsi.

Það var kærkomin nýjung að fá Bambahús (gróðurhús) á skólalóðina okkar í Grænuhlíð. Börnin tóku virkan þátt í að sá fræjum og rækta plöntur. Sett voru niður markmið með Bambahúsinu og verkefnastjórar fyrir hverja deild halda utan um verkefnið.

Í byrjun nóvember var kosið í nýtt foreldraráð. Ekki náðist að koma á stjórn foreldrafélags Björtuhlíðar sem hafði lognast út af í Covid-19 faraldrinum. Það verður verkefni næsta skólaárs að endurvekja það.



Á skipulagsdegi 12. nóvember fengum við fyrirlestur frá KVAN, um samstarf og samstarfssáttmála. Í framhaldi af því var kosið um samstarfssáttmála og í byrjun árs var starfsmannahandbók leikskólans uppfærð. Eiginleikarnir jákvæðni, virðing, frumkvæði og sveigjanleiki voru valdir sem bestu kostir góðs vinnufélaga.

Á skipulagsdegi 1. apríl fengum við sérfræðinga frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til að hafa fræðsluerindi um jákvæðan aga. Í framhaldi af því voru skráðar niður leiðbeiningar um hvernig best sé að bregðast við, til að stoppa og koma í veg fyrir óæskilega hegðun og byggja upp jákvæðan aga.

Foreldrasamtöl að hausti voru öll með rafrænum hætti. Í samtölunum sem tekin voru að í vor, var foreldrum boðið að velja, hvort þeir kæmu í leikskólann eða hefðu rafrænan fund.

Ákveðið var að á næsta skólaári verði boðið uppá eitt foreldrasamtal í stað tveggja eins og áður. Ef þörf er á eru deildastjórar samt ávallt tilbúnir að ræða við foreldra. Deildastjórar eru í góðri samvinnu við foreldra og veita upplýsingar í vikulegum pósti.

Á þessu skólaári var haldið áfram samstarfi í tveimur Erasmus+ verkefnum sem hófust haustin 2019 og 2020. Verkefnastjóri þessara verkefna Dýrleif Ingvarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Kristín Gunnarsdóttir unnu mikið og óeigingjarnt starf við að skipuleggja þetta samstarf. Alls fóru átta kennarar skólans í ferðir á vegum verkefnisins. Ferðirnar eru einstakt tækifæri fyrir kennara til víkka sjóndeildahringinn, kynnast menntakerfum og áherslum í skólastarfi annara Evrópulanda og efla fagvitund.

Það urðu okkur mikil vonbrigði þegar ljóst var að fyrirhugaðar breytingar í Grænuhlíð hefðu frestast í a.m.k. tvö ár. Á sama tíma fengum við vissu fyrir að útileiksvæðið í Grænuhlíð verði endurnýjað sumarið 2023.

Á næsta skólaári tökum við fyrir sköpun við innleiðingu Menntastefnu. Verkefnið heitir “Skapandi leikskólastarf”

Starfsmannahópurinn í Björtuhlíð er samheldinn, faglegur og sífellt til í að leita nýrra leiða til að gera leikskólastarfið enn betra.

## 2 Erasmus+ samstarf

Erasmus samstarf var áberandi í starfsemi á skólaárinu. Vegna Covid-19 takmarkana hafði báðum verkefnum sem skólinn tekur þátt í verið frestað en fóru svo á fullt haustið 2021. Verkefnin eru



STEAM; Surfing the European Artistic Monuments og Tradition is a source of inspiration – from the region to Europe.

Farnar voru sex ferðir til félaga okkar í verkefninu á skólaárinu. Farið var til Póllands í september, Spáanar í október, Grikklands í nóvember, Ítalíu og Portúgal í mars og svo til Slóvakíu í apríl. Á tímabilinu tókum við á móti þremur hópum af kennurum og skólustjórnendum. Einn hópur kom í nóvember og tveir hópar í júní. Það hafa 8 kennarar skólans haft tækifæri til að ferðast á vegum verkefnisins og kynnst skólustarfi í samstarfslöndum okkar á síðasta skólaári.

Dýrleif Ingvarsdóttir hefur haft umsjón með verkefninum fyrir hönd skólans og er einnig aðalstjórnandi og umsækjandi verkefnisins Tradition is a source of inspiration – from the region to Europe. Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja hjá Reykjavíkurborg hefur verið okkur innan handar með aðstoð við verkefnin.

Það er mikil vinna að taka þátt í Erasmus+ verkefnum. Að okkar mati skilar sú vinna sér vel til baka þar sem samstarf og samtal við kennara frá öðrum menningarsvæðum eru upplýsandi, áhugaverð og gefa okkur nýja sýn á starfið. Í öllum heimsóknum okkar fengum við góða kynningu á skólum, kennsluaðferðum og áherslum í námi barna. Einnig fengum við upplýsingar um menntastefnu í hverju landi. Það sem kom hvað mest á óvart er lítil áhersla á leik og sköpun í námi barna. Mikið var um að öll væru að vinna sömu verkefnin með fyrirfram ákveðinni útkomu. Einnig fannst okkur mörg börn vera í bekkjum/deildum miðað við fjölda kennara. Mikill metnaður einkenndi starf allra skólanna og áhersla á ensku kennslu var mikil. Algengt er að enskukennsla hefjist um fjögurra ára aldur. Kennarar sem komu í skólann til okkar höfðu margir á orði hversu sjálfstæð og lífsglöð þeim fannst börnin okkar vera.

Vegna seinkunar á verkefninum voru ferðir tíðar. Af þeim sökum skapaðist stundum óþarfa álag sem annars hefði ekki þurft að vera.

Báðum verkefnum lýkur í júní 2022.

Dýrleif Ingvarsdóttir verkefnisstýra

### **3 Starfspróun innleiðing menntastefnu - Sköpun**

Á næsta skólaári tókum við fyrir sköpun við innleiðingu Menntastefnu. Verkefnið heitir sköpun í skólustarfi.

Markmið:

- Að efla sköpunargleði barnanna
- Að börnin fái fjölbreytt tækifæri til sköpunar
- Að sköpun barnanna sé virt sem miðlun og uppgötvun.
- Að í öllu námi leikskólans fái börnin tækifæri til frumkvæðis og sköpunargleði.

Börnin fá að takast á við stærri skapandi verkefni eins og búningagerð, sögugerð ofl. Börnin fá frelsi til að skapa í samræmi við þekkingu sína og reynslu. Börnin fá tækifæri til sköpunar um sameiginlega upplifun. Hugmyndir og vangaveltur barna verði skráðar, búnar til sögur sem þau myndskreyta. Farið verður í leiki og verkefni sem efla sköpunargleði. Börnin fái tækifæri til að skapa með efnivið sem þau



velja sjálf og geta jafnvel komið með að heiman. Börnin fá tækifæri til að sækja söfn, leik-og myndlista sýningar.

Áætlun um innleiðingu:

Á skipulagsdegi í september verður kynning á verkefninu fyrir starfsfólk. Gátlistar af vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar verða afhentir og fylltir út á öllum deildum.

Starfshópur um sköpun verður stofnaður og fundir ákveðnir.

Umræður um verkefnið verða á deildafundum.

Á mánaðarlegum deildarstjórafundum kynna deildarstjórar hugmyndir um vinnu og verkefni frá hverri deild.

Á skipulagsdegi í nóvember er fyrirhugað námskeið/fyrirlestur fyrir starfsfólk um sköpun í starfi með börnum.

Starfshópur um sköpun kynnir vinnu sína og hugmyndir um hvernig við samræmum vinnu í sköpun í Björtuhlíð

Á skipulagsdegi í janúar verður námskeið/fyrirlestur fyrir starfsfólk tengt sköpun í leikskólastarfi

Í apríl -maí fyllir starfsfólk deilda aftur út gátlista af vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Símat verður í gangi meðan á verkefninu stendur. Rýnihópur sem saman stendur af starfsfólki allra deilda kemur saman og metur árangur verkefnisins. Spurningalistar til alls starfsfólks verða lagðir fyrir í janúar og maí. Verkefnisstjóri og leikskólastjóri meta árangur.

Kristín Gunnarsdóttir aðst.leiksk.stj.



## 4 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p><b>Læsi fyrir lífið</b></p> <p><b>Innleiðing</b></p> <p><b>menntastefnu: Læsi</b></p>	<p>Símat var í gangi meðan á verkefninu stóð. Spurningalistar voru lagðir fyrir á deildum í janúar og maí. Myndir af deildum voru nýttar í mati m.a. til að skoða nýtingu á leskrókum deilda.</p>	<p>Rýnihópur sem saman stóð af starfsfólki allra deilda mat árangur verkefnisins.</p> <p>Verkefnisstjóri og leikskólastjóri fóru yfir matslista og tóku saman niðurstöður.</p>	<p>Aukinn bókakostur á tímabilinu.</p> <p>Gott aðgengi barna að bókum og leskrókar eru á öllum deildum.</p> <p>Meiri áhersla er lögð á merkingar og sýnileika talna og stafa á deildum.</p> <p>Ný verkefni urðu til á deildum og deildarstarfsfólk miðlaði hugmyndum sín á milli.</p> <p>Ný og endurbætt læsisáætlun leit dagsins ljós. Nýtt starfsfólk verður upplýst um áætlunina og hvatt til að kynna sér hana.</p>



## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p>Í mars 2022 fór fram viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar þ.m.t starfamanna í Björtuhlíð</p> <p>könnunin náði til nokkurra mikilvægra þátta. Í flestum tilfellum er samanburður við viðhorfskönnunar árið 2021.</p>	<p>Rafræn könnun var send á netföng starfsmanna</p>	<p>Starfsmenn tóku þátt í könnuninni</p>	<p><b>Helstu styrkleikar eru</b></p> <p>Metnaður, Tilgangur, ímynd, starfsmannastöðugleiki og starfsöryggi.</p> <p><b>Tækifæri til úrbóta</b></p> <p>Vinnuaðstaða</p> <p>Fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu í Grænuhlíð mun bæta vinnuaðstöðu kennara. Ábyrgðaraðili er Reykjavíkurborg.</p> <p>Fræðsla og þjálfun</p> <p>Lögð verði áhersla á að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fjölbreytt námskeið.</p> <p>Ábyrgðaraðili er leikskólastjóri</p> <p><b>Stjórnun</b> Starfsmannasamtöl verði tekin jafnt og þétt allt skólaárið. Ábyrgðaraðili er leikskólastjóri.</p> <p>Móttaka nýliða Fleiri samtöl við nýtt starfsfólk.</p> <p>Ný uppfærð starfsmannahandbók kemur þar vel að notum.</p> <p>Ábyrgðaraðilar eru leikskólastjóri og deildastjórar</p>





UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Skilvirkni við gerð samninga	Tekin verður upp rafræn undirskrift	Leikskólastjóri	Sept. 2022	Okt. 2022	Um er að ræða ráðningarsamning a, breytingarsamnin ga, dvalarsamninga	Að ferli undirskrifa verði einfaldara.
Stjórnun	Starfsmannas amtöl tekin jafnt og þétt allt skólárið	Skipulögð viðtöl tvær deildir á haustmánuð um og þrjár á vormánuðu m.	Leikskólastjóri	Sept 2022	Mái 2023	Í lok skólaárs , með spurningum til starfsmanna.	Að auðvelda að taka alla starfsmenn í starfsmanna samtal
Uppeldis- og menntastar f	Fleiri deildarfundir	Deildarfund a plan fyrir hvern mánuð	Leikskólastjóri /deildastjórar	Sept 2022	Mái 2023	Með spurningum til starfsmanna	Bætt samvinna og aukið upplýsingafl æði
Sérkennsla	Stofnað sérkennslutey mi	Sérkennslust jóri skipuleggur framkvæmd sérkennslu	Leikskólastjóri /sérkennslustj óri/deildastjór ar	sept 2022	maí 2023	Með spurningum til sérkennara og deildastjóra og foreldra.	Skilvirkari vinna með sérkennslub örn
Mannauður / Leikskólabr agur	Starfsmenn byggja upp betri jákvæðan aga	Unnið verði eftir leiðbeinandi reglum til að stoppa óæskilega hegðun barns.	Allt starfsfólk í Björtuhlíð	sept	maí	Með spurningum til deildastjóra	Betri líðan allar í Björtuhlíð



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Sköpun	Að sköpun verði áherslu þáttur í starfi deildanna.	Fyrirlestrar um sköpun í leikskólastarf i verða fyrir allt starfsfólk. Rýnt verður í efnivið og búnað deilda sem og aðstöðu til sköpunar.	Deildarstj. og stjórnend. skólans.	Sept 2022	Mái 2023	Spurningarlisti um stöðu á deildum lagður fyrir deildastjóra og annað starfsfólk í september með tillögum til úrbóta.  Stöðumat í janúar 2023 og áætlun um frekari úrbætur ef þarf.	Deildastj. endurmeta stöðu deilda með tilliti til tillagna um úrbætur og stöðumats sem gert var í janúar.

## Mat deildastjóra á innleiðingu læsis

Á skipulagsdegi í janúar og svo aftur í maí, sáu deildastjórar um að meta innleiðingu læsis með starfsfólki sínu. Allir deildarstjórar töldu að vel gengi með að innleiða verkefnið og að margt gott hefði verið til staðar þegar verkefnið hófst. Niðurstöður mats voru nýttar við gerð nýrrar læsisáætlunar Björtuhlíðar. Hér má finna helstu niðurstöður á mati yngri deilda annars vegar og eldri deilda hins vegar.

Mat yngri deilda, Híð og Holt

Mikið af nýjungum hafa sett svip sinn á yngri barna starfið í vetur. Bókstafir og tölustafir eru sýnilegi í skólanum og einnig merkingar ýmiskonar td á herbergjum og leikfangakössum. Allir leikfangakassar eru nú merktir með mynd og nafni.

Málörvunarspil fyrir hópastarf hafa verið mikið í notkun í vetur. Spilin hafa verið yfirfarin og endurnýjuð að hluta og gerð aðgengilegi.



Útbúin voru bein með nöfnum barnanna í tengslum við málörvunarverkefnið *Lubbi finnur málbein*. Þegar börnin mættu á morgnanna fundu þau bein með nafninu sínu og settu í mætingarkassa. Flest börnin voru farin að þekkja beinið með nafninu sínu þegar leið á veturinn.

Aðgengi að bókum fyrir þau yngstu er gott þar sem börnin sjá framhliðar bókanna í hillunum og geta náð í þær sjálf.

Á vormánuðum voru settar niður kartöflur og sáð fyrir gulrótum. Skráningar voru gerðar á ferlinu og nýttar til umræðna eftir á til að auka við orðaforða.

Að mati deildastjóra er vel fylgst með málþroska og framförum barna á yngri deildum og foreldrar upplýstir í foreldraviðtölum.

Mat eldri deilda, Furuhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð og Grenihlíð

Nýjungar tengdar læsi og málörvun voru einnig áberandi í starfi eldri deildanna í Grænuhlíð. Á Furuhlíð og Birkihlíð var verkefnið *Bókaormur vikunnar* þar sem börnin skiptust á að vera bókaormar. Það fól í sér að fá að koma með bækur að heiman og sýna hinum börnunum á deildinni. Bækurnar voru svo lesnar í samverustundum. Annað verkefni sem hófst á þessum deildum í vetur var verkefnið *Sýna og sjá snillingur*. Eitt barn í senn má koma með einhvern hlut/dót að heiman til að sýna börnunum í samverustund. Snillingurinn stendur fyrir framan félagu sína og kynnir hlutinn/dótið og segir frá honum. Bæði þessi verkefni tengja heimili og leikskóla og ýta undir læsi, orðaforða og samræður.

Á Birkihlíð og Reynihlíð eru reglulegar ferðir á bókasafnið. Þar hlusta krakkarnir bókasafnið og las starfsmaður bókasafnsins sögur. Börnin völdu svo sjálf bækur sem fengnar voru að láni á safninu.

Börnin í Grenihlíð fóru í sagnagerð þar sem nokkur börn spinna sögu saman. Öll börnin í hverjum hóp koma að gerð sögunnar og í lok hverrar sagnagerðar fá börnin að tjá sig með listsköpun út frá sögunni. Sögurnar eru svo skráðar niður og lesnar fyrir börnin á deildinni.

Í Grenihlíð er mikil áhersla á að börnin fá að tjá skoðanir sínar og hugmyndir og æfa sig að standa fyrir framan hópinn og segja frá. Þá skapast oft miklar og góðar umræður hjá börnum og starfsfólki. Oft er notuð tafla til þess að skrá niður hugmyndir barna og þau fá tækifæri til þess að kjósa á lýðræðislegan hátt um málefni sem snerta þau. Til dæmis fá þau að velja hádegismat tvisvar yfir veturinn, þau velja hvert þau vilja fara í göngutúra og útskriftarbörnin fá að skipuleggja útskriftarferðina sína sjálf. Þau ákveða hvert er farið og hvaða nesti á að vera með í för. Börnin koma með hugmyndir sem starfsfólk skrifar niður á töflu og síðan verða hugmyndir að veruleika.



Öll börnin í skólanum fara í Lubbastundir þar sem unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbein. Mikið er lagt mikið upp úr því að hafa stundirnar léttar og skemmtilegar. Í verkefninu eru öll máhljóð tekin fyrir, lesin er saga sem kynnir okkur máhljóðið frekar, tákn máhljóðsins er lært með hjálp tónlistar. Börnin velja orð vikunnar ásamt því að fara í ýmsa leiki sem tengjast máhljóðinu.

Bambahúsið, gróðurhús sem við fengum á síðasta ári gefur okkur möguleika á að auka orðaforða sem tengist ræktun og að efla náttúrulæsi. Við lærum af reynslu síðasta árs og bætum ofan á orðaforða og þekkingu á þessu ári.

Deildastjórar eru sammála um að þær nýjungar í starfi sem teknar voru upp síðasta vetur eru komnar til að vera og verða þróaðar áfram



## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2021-2022

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Öll börn hafa jafnan rétt til þátttöku í daglegu starfi innan leikskólans en gætt er að því að taka mið af þörfum hvers barns. Í leikskólanum er fylgst vel með þroska og líðan barna og þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska er leitað eftir ráðgjöf og handleiðslu hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.</p> <p>Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun þar sem þjálfun fer fyrst og fremst fram innan barnhópsins. Þau börn sem eru með stuðningstíma fá þjálfun bæði inn á deild og í sérkennslurými, einstaklingslega eða í hóp, allt eftir þörfum hvers og eins. Barnið er hluti af hópnum og allir starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á því.</p> <p>Í þjálfun sem fer fram í sérkennslurými er notast við skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Þar má sjá nákvæmt yfirlit yfir skipulag þjálfunarinnar og framförum barns fylgt eftir.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Sérkennslustjóri og/eða stuðningsaðili sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við foreldra, deildarstjóra og sérfræðinga teymisins. Við gerð námskrárinnar er notast við færnilistann AEPS ásamt ráðleggingum frá fagfólki þegar það á við (talmeinafræðingar, sálfræðingar o.s.frv.). Einstaklingsnámskrárnar eru uppfærðar eftir þörfum eða á 4-8 vikna fresti.</p>



	Tekið er HLIÓM af elsta árganginum á haustin. Prófið er endurtekið á vori á þeim börnum sem komu slök út.
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Þau námsgögn sem gjarnan er stuðst við eru efni frá Super duper, Fjölbreytt kennsla, Lærum og leikum með hljóðin og Orðagull. Á vorönn keypti leikskólinn námsgögn eins og spil, stokka og TÖLUM SAMAN málörvunarefnið.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Mál-rvun	Öll börn (3 ára og eldri) sem eru með slakan málþroska fara í hóptíma í málörvun 2x í viku	Ákveða í samráði við deildarstjóra hvaða börn það eru	Sérkennslustjóri / umsjónamaður málörvunarhóps (Tui)	Septem-ber 2022	maí 2022	Nota mælitæki áður en málörvunarhóparnir byrja og svo á þriggja mánaða fresti	Meta framfarir barna út frá mæli-tækjum
Sér-kennslu-teymi	Sérkennarar og stuðningsaðilar munu vinna í teymi. Sérkennslustjóri hefur yfirsýn yfir sérkennslunni og mun hafa meira svigrúm fyrir önnur verkefni, t.d. veita starfsfólki ráðgjöf og koma á stað markvissri vinnu með	Sérkennari/ stuðningsaðilar sinna fjölbreyttari verkefnum í sérkennslunni og sjá einnig um einstaklingsþjálfun	Leikskólastjóri / sérkennslustjóri	Sept. 2022	Maí 2023	Vikulegir teymisfundir þar sem m.a. verður gert stöðumat á skipulagi sérkennslu.	Sérkennslustjóri i endurmetur stöðuna með tilliti til tillagna.



	fjöltyngdum börnum.						
Sjónrænt umhverfi	Bæta þarf sjónrænt skipulag á deildum. Öll börn geta séð hvernig dagurinn er uppbyggður Merkja efnivið með myndum og texta Nýta myndir og tákn til að afmarka svæði og beina í rétta átt.	Yfirfara sjónrænt skipulag á öllum deildum Yfirfara merkingar á efnivið Nota stoppmerki, fyrst-svo , línur til að afmarka svæði og beina í rétta át	Sérkennslustjór i / deildarstjórar	Septembe r 2022	Maí 2023	Gera stöðumat á deildarfundum	Deildarstjóri og sérkennslustjór i endurmeta stöðu með tilliti til stöðumats

## 6 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Vegna Covid og mikils umbótarstarfs í sérkennslunni gafst lítið svigrúm til að vinna markvisst með fjöltyngdum börnum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Leikskólinn leggur ríka áherslu á málörvun og læsi í öllu daglegu starfi og athöfnum. Starfsfólk er meðvitað um að örva málnotkun fjöltyngdra barna í daglegu starfi og gefa þeim tíma í samtal.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í sögustundum og samverustundum er markvisst verið að dýpka orðaforða barna með því að lesa sögur, spjalla um flóknari orð sem koma þar fram og spyrja börnin hv-spurninga út frá sögunni.  Allar deildir eru með lubbastundir vikulega þar sem markvisst er verið að dýpka orðaforða barnanna með sögu, lögum, leikjum og val á orði vikunnar (elsta deild).  Einnig hafa verið skipulagðar söngstundir sem hafa verið nýttar í að kynna fyrir börnum ný lög þar sem megináherslan var menningar- og umhverfislæsi og orðaforði.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þótt ekki hefur gefist tími í að nota mælitæki til að meta framfarir barna í málinu hefur verið fylgst með framvindu þeirra og kallað eftir athugun frá talmeinafræðing þegar við á.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í leikskólanum ríkir mikið lýðræði, allir fá tækifæri til að tjá sig. Samverustundir er vettvangur fyrir börn að tjá sig, segja skoðanir sínar og óskir. Börn taka virkan þátt í ákvörðunartöku sem tengist starfinu, t.d. að ákveða hvaða reglur eiga að gilda á deildinni, hvað eigi að vera í matinn einu sinni í mánuði. Elstu börnin fá að taka virkan þátt í að ákveða útskriftarferðina sína. Vikulega eru stundir þar sem börn eiga að segja frá einhverju ákveðnu t.d. bók vikunnar og stjarna vikunnar . Mikið er unnið með rím, Lubbatákn og tónlist.



## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Eftirfylgni með framförum fjöltyngdra barna	Nota matstæki til að meta málþroska	Notast verður við hæfnisramma á öll fjöltyngd börn, einnig TRAS og EAPS þegar það á við. Gerð verður hnitmiðuð einstaklingsáætlun fyrir öll fjöltyngd börn út frá niðurstöðum matstækja	Sérkennslustjóri	ágúst/sept 2022	Maí 2023	Taka stöðu á öllum fjöltyngdum börnum í lok ágúst/sept. Svo aftur í mars/apríl	Sérkennslu- stjóri ber saman niðurstöður út frá matstækjum
Markviss málörvun		Unnið verður með ákveðin grunnorðaförða í 2-4 vikur í senn	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Sept 2022	Maí 2023	Sérkennslustjóri tekur saman gögn sem tengjast grunnorðaförðanum hverju sinni. Starfsfólk allra deilda geta nálgast það á fyrir fram ákveðnum stað.	Sérkennslu- stjóri og deildarstjórar

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölum lauk í júní. Þetta árið voru tekið snerpu viðtöl við alla starfsmenn sem vinna með börnunum.

Sérkennslustjóri og sérkennari fóru á vörnámsskeið Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. Einnig fóru sérkennslustjóri, Deildastjóri og þrír sérkennarar á fyrirlestur um ADHD sem haldið var á vegum SFS. Sérkennslustjóri fór einnig á námskeiðið Skráning og þjálfun á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar.

Allt starfsfólk horfði á menntastefnumót læsi frá 2021.

Allt starfsfólk fór námskeið hjá KVAN um samstarf vegna undirbúnings á gerð samstarfssáttmála.

Allir starfsmenn fóru á fyrirlestur hjá sérfræðingum hjá þjónustumiðstöðinni Vestra um jákvæðan aga.





Átta kennarar fóru í náms og kynningaferðir ferðir á vegum Erasmus+ .

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólarnir eru með þrjá skipulagsdaga á ári sem eru hafðir á sama tíma til hagræðis fyrir foreldra sem eru með börn á báðum skólastigum. Samstarf leikskólans, fyrsta bekkjar Hlíðaskóla og frístundaheimilis Hlíðaskóla hefur verið eins og hér segir:

- Börn frá Björtuhlíð heimsækja Hlíðaskóla, taka þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börnum í Björtuhlíð er sýndur Hlíðaskóli
- Börnum í Björtuhlíð er boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Börn heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvisvar á vormánuðum.

Í maí funda deildstjórar elstu barnanna með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

## 9 Skipulagt tónlistarstarf

Einn þáttur í innleiðingu læsi í leikskólanum var skipulagt tónlistarstarf á fjórum elstu deildum leikskólans. Tui Hirv sem er leikskólakennara og tónlistarmenntuð sá um þessar stundir í samráði við deildastjóra.

Hvernig gekk skipulagt tónlistarstarfið 2021-2022

Ég hef unnið með sönglög á Björtuhlíð í formi samverustunda síðan ég byrjaði og var skipulagt tónlistarstarf í vetur beint framhald af því. Ég gat kerfisbundið gert heildstæða lista af lögum sem ég þekkti og hélt áfram að kynast gegnum eldra samstarfsfólk og Spotify. Ég raðaði lögum eftir flæki og árstíðum eða tillögum frá deildarstjórum. Ég stilli upp nokkrum spjöldum með myndum sem lýsa innihald lagsins og börn skiptast svo á að velja lag. Öll löggin eru tengd viðfangsefni hvers mánaðar og ættu þannig að gefa heildstæða mynd af einhverjum aðstæðum í náttúru eða samfélagi.

Söngstundin mín var tiltölulega einangruð frá starfi deildanna, en það vantar líka vettvang fyrir okkur kennara til að hittast og samstillast okkur. Undirbúningstíminn minn var á föstudagsmorgnanna, þá sem líka var haldinn samsöngur eða Gaman saman, sem ég gat ekki að taka þátt í, en hefði verið kjörinn vettvangur til að deila með öðrum það sem við vorum búin að læra.

Aðaláherslur í tímunum mínum voru menningar- og umhverfislæsi og orðaforði. Fyrir því eru nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi er ég ekki menntuð sem tónmenntakennari heldur söngkona, síðan tónlistarfræðingur og loks leikskólakennari. Ég er líka mikil bókmenntamanneskja með myndlistabakgrunn gegnum mitt eigið uppeldi og set ekki eina listgrein fram fyrir aðra. Ég reyni að koma þeim öllum til skila í senn og til skiptis, líka vegna þess að aðstæður til að halda til dæmis tónlistarstund með hljóðfærum eru takmarkaðar. En umfram allt var ég að reyna að bæta upp á skort



á markvissri málörvun og gefa börnum tækifæri á að vinna saman sem hópur og upplifa eitthvað fallegt í sameiningu. Ég hlakka til að halda því áfram.

Tui Hirv

## 10 Foreldrasamvinna

Kosið var í foreldraráð 3. nóvember 2021. Fundurinn var frekar fámennur. Kosnir voru þrír foreldrar í ráðið, auk varamanns. Ráðið fundað einu sinn. Ekki reyndist grundvöllur fyrir starfi foreldrafélags m.a. sökum fjöldatakmarkanna í Covid-19 faraldrinum. Í apríl héldum við vöfflukaffi, þá var foreldrum boði inn á deildir í leikskólanum í vöfflu og kaffi. Á sumarhátíð 10. júní var mjög vel mætt af foreldrum og systkinum barna í Björtuhlíð. Foreldrar sáu um tvö glæsileg skemmtiatriði og foreldrafélagið bauð öllum upp á ís.

## 11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða:

30. september 2022

18. Nóvember 2022

3. janúar 2023 Sameiginlegur skipulagsdagur með Hlíðaskóla

19. apríl 2023

21. apríl 2023

10.maí 2023 Sameiginlegur skipulagsdagur með Hlíðaskóla

## 12 Fylgigögn

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



# Fylgiskjal 1

Nafn skóla: Bjartahlíð

## Skóladagatal 2022 - 2023

Samband íslenska sveitarfélaga

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. Mí Fylgigur verðarmanna	1. F. Félagsfréttir	1. L. Félagsfréttir	1. Þ. Skýrsludagur	1. Mí Félagsfréttir	1. Mí Félagsfréttir	1. Mí Félagsfréttir	1. Mí Félagsfréttir	1. L. Félagsfréttir	1. Mí Félagsfréttir	1. F. Félagsfréttir
2. Þ. Fylgigur verðarmanna	2. M. Félagsfréttir	2. S. Félagsfréttir	2. Mí Sam. skipulagsdagur	2. F. Félagsfréttir	2. F. Félagsfréttir	2. F. Félagsfréttir	2. F. Félagsfréttir	2. S. Félagsfréttir	2. Þ. Félagsfréttir	2. F. Félagsfréttir
3. Mí Fylgigur verðarmanna	3. F. Félagsfréttir	3. M. Félagsfréttir	3. Þ. Félagsfréttir	3. L. Félagsfréttir	3. F. Félagsfréttir	3. F. Félagsfréttir	3. F. Félagsfréttir	3. M. Félagsfréttir	3. M. Félagsfréttir	3. L. Félagsfréttir
4. F. Önnur eftir samþykkingu	4. F. Félagsfréttir	4. Þ. Félagsfréttir	4. M. Félagsfréttir	4. S. Félagsfréttir	4. L. Félagsfréttir	4. L. Félagsfréttir	4. L. Félagsfréttir	4. Þ. Félagsfréttir	4. F. Félagsfréttir	4. S. Félagsfréttir
5. F. Félagsfréttir	5. M. Félagsfréttir	5. L. Félagsfréttir	5. F. Félagsfréttir	5. M. Félagsfréttir	5. S. Félagsfréttir	5. S. Félagsfréttir	5. S. Félagsfréttir	5. M. Félagsfréttir	5. F. Félagsfréttir	5. M. Félagsfréttir
6. L. Félagsfréttir	6. Þ. Félagsfréttir	6. F. Félagsfréttir	6. F. Félagsfréttir	6. Þ. Félagsfréttir	6. F. Félagsfréttir	6. F. Félagsfréttir	6. F. Félagsfréttir	6. L. Félagsfréttir	6. L. Félagsfréttir	6. Þ. Félagsfréttir
7. S. Félagsfréttir	7. M. Félagsfréttir	7. F. Félagsfréttir	7. L. Félagsfréttir	7. M. Félagsfréttir	7. Þ. Félagsfréttir	7. Þ. Félagsfréttir	7. Þ. Félagsfréttir	7. F. Félagsfréttir	7. S. Félagsfréttir	7. M. Félagsfréttir
8. Mí Félagsfréttir	8. F. Félagsfréttir	8. L. Félagsfréttir	8. S. Félagsfréttir	8. F. Félagsfréttir	8. M. Félagsfréttir	8. M. Félagsfréttir	8. M. Félagsfréttir	8. L. Félagsfréttir	8. M. Félagsfréttir	8. F. Félagsfréttir
9. Þ. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir	9. S. Félagsfréttir	9. M. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir	9. S. Félagsfréttir	9. Þ. Félagsfréttir	9. F. Félagsfréttir
10. Mí Félagsfréttir	10. L. Félagsfréttir	10. M. Félagsfréttir	10. Þ. Félagsfréttir	10. L. Félagsfréttir	10. F. Félagsfréttir	10. F. Félagsfréttir	10. F. Félagsfréttir	10. M. Félagsfréttir	10. M. Félagsfréttir	10. L. Félagsfréttir
11. F. Félagsfréttir	11. S. Félagsfréttir	11. Þ. Félagsfréttir	11. M. Félagsfréttir	11. S. Félagsfréttir	11. L. Félagsfréttir	11. L. Félagsfréttir	11. L. Félagsfréttir	11. Þ. Félagsfréttir	11. F. Félagsfréttir	11. S. Félagsfréttir
12. F. Félagsfréttir	12. M. Félagsfréttir	12. L. Félagsfréttir	12. F. Félagsfréttir	12. M. Félagsfréttir	12. S. Félagsfréttir	12. S. Félagsfréttir	12. S. Félagsfréttir	12. M. Félagsfréttir	12. F. Félagsfréttir	12. M. Félagsfréttir
13. L. Félagsfréttir	13. Þ. Félagsfréttir	13. M. Félagsfréttir	13. F. Félagsfréttir	13. Þ. Félagsfréttir	13. M. Félagsfréttir	13. M. Félagsfréttir	13. M. Félagsfréttir	13. L. Félagsfréttir	13. L. Félagsfréttir	13. Þ. Félagsfréttir
14. S. Félagsfréttir	14. M. Félagsfréttir	14. F. Félagsfréttir	14. L. Félagsfréttir	14. M. Félagsfréttir	14. Þ. Félagsfréttir	14. Þ. Félagsfréttir	14. Þ. Félagsfréttir	14. S. Félagsfréttir	14. S. Félagsfréttir	14. M. Félagsfréttir
15. F. Félagsfréttir	15. M. Félagsfréttir	15. L. Félagsfréttir	15. S. Félagsfréttir	15. F. Félagsfréttir	15. M. Félagsfréttir	15. M. Félagsfréttir	15. M. Félagsfréttir	15. L. Félagsfréttir	15. M. Félagsfréttir	15. F. Félagsfréttir
16. F. Félagsfréttir	16. M. Félagsfréttir	16. S. Félagsfréttir	16. M. Félagsfréttir	16. F. Félagsfréttir	16. M. Félagsfréttir	16. F. Félagsfréttir	16. F. Félagsfréttir	16. S. Félagsfréttir	16. Þ. Félagsfréttir	16. F. Félagsfréttir
17. Mí Félagsfréttir	17. L. Félagsfréttir	17. M. Félagsfréttir	17. Þ. Félagsfréttir	17. L. Félagsfréttir	17. F. Félagsfréttir	17. F. Félagsfréttir	17. F. Félagsfréttir	17. M. Félagsfréttir	17. M. Félagsfréttir	17. L. Félagsfréttir
18. F. Félagsfréttir	18. S. Félagsfréttir	18. Þ. Félagsfréttir	18. M. Félagsfréttir	18. S. Félagsfréttir	18. L. Félagsfréttir	18. L. Félagsfréttir	18. L. Félagsfréttir	18. F. Félagsfréttir	18. F. Félagsfréttir	18. S. Félagsfréttir
19. F. Félagsfréttir	19. M. Félagsfréttir	19. L. Félagsfréttir	19. F. Félagsfréttir	19. M. Félagsfréttir	19. S. Félagsfréttir	19. S. Félagsfréttir	19. S. Félagsfréttir	19. F. Félagsfréttir	19. F. Félagsfréttir	19. M. Félagsfréttir
20. L. Félagsfréttir	20. Þ. Félagsfréttir	20. M. Félagsfréttir	20. F. Félagsfréttir	20. Þ. Félagsfréttir	20. M. Félagsfréttir	20. M. Félagsfréttir	20. M. Félagsfréttir	20. L. Félagsfréttir	20. L. Félagsfréttir	20. Þ. Félagsfréttir
21. S. Félagsfréttir	21. M. Félagsfréttir	21. L. Félagsfréttir	21. S. Félagsfréttir	21. M. Félagsfréttir	21. Þ. Félagsfréttir	21. Þ. Félagsfréttir	21. Þ. Félagsfréttir	21. S. Félagsfréttir	21. S. Félagsfréttir	21. M. Félagsfréttir
22. Mí Skólastofna grunnskóla	22. F. Félagsfréttir	22. L. Félagsfréttir	22. S. Félagsfréttir	22. F. Félagsfréttir	22. M. Félagsfréttir	22. M. Félagsfréttir	22. M. Félagsfréttir	22. L. Félagsfréttir	22. M. Félagsfréttir	22. F. Félagsfréttir
23. Þ. Félagsfréttir	23. F. Félagsfréttir	23. S. Félagsfréttir	23. M. Félagsfréttir	23. F. Félagsfréttir	23. M. Félagsfréttir	23. F. Félagsfréttir	23. F. Félagsfréttir	23. S. Félagsfréttir	23. Þ. Félagsfréttir	23. F. Félagsfréttir
24. Mí Félagsfréttir	24. L. Félagsfréttir	24. M. Félagsfréttir	24. F. Félagsfréttir	24. L. Félagsfréttir	24. F. Félagsfréttir	24. F. Félagsfréttir	24. F. Félagsfréttir	24. M. Félagsfréttir	24. M. Félagsfréttir	24. L. Félagsfréttir
25. F. Félagsfréttir	25. S. Félagsfréttir	25. Þ. Félagsfréttir	25. M. Félagsfréttir	25. S. Félagsfréttir	25. L. Félagsfréttir	25. L. Félagsfréttir	25. L. Félagsfréttir	25. F. Félagsfréttir	25. F. Félagsfréttir	25. S. Félagsfréttir
26. F. Félagsfréttir	26. M. Félagsfréttir	26. L. Félagsfréttir	26. F. Félagsfréttir	26. M. Félagsfréttir	26. S. Félagsfréttir	26. S. Félagsfréttir	26. S. Félagsfréttir	26. F. Félagsfréttir	26. F. Félagsfréttir	26. M. Félagsfréttir
27. L. Félagsfréttir	27. Þ. Félagsfréttir	27. F. Félagsfréttir	27. S. Félagsfréttir	27. M. Félagsfréttir	27. F. Félagsfréttir	27. F. Félagsfréttir	27. F. Félagsfréttir	27. L. Félagsfréttir	27. L. Félagsfréttir	27. Þ. Félagsfréttir
28. S. Félagsfréttir	28. M. Félagsfréttir	28. L. Félagsfréttir	28. F. Félagsfréttir	28. M. Félagsfréttir	28. S. Félagsfréttir	28. S. Félagsfréttir	28. S. Félagsfréttir	28. M. Félagsfréttir	28. M. Félagsfréttir	28. L. Félagsfréttir
29. Mí Félagsfréttir	29. F. Félagsfréttir	29. S. Félagsfréttir	29. M. Félagsfréttir	29. F. Félagsfréttir	29. S. Félagsfréttir	29. S. Félagsfréttir	29. S. Félagsfréttir	29. M. Félagsfréttir	29. M. Félagsfréttir	29. F. Félagsfréttir
30. Þ. Félagsfréttir	30. F. Félagsfréttir	30. S. Félagsfréttir	30. M. Félagsfréttir	30. F. Félagsfréttir	30. S. Félagsfréttir	30. S. Félagsfréttir	30. S. Félagsfréttir	30. Þ. Félagsfréttir	30. Þ. Félagsfréttir	30. F. Félagsfréttir
31. Mí Félagsfréttir	31. L. Félagsfréttir	31. M. Félagsfréttir	31. Þ. Félagsfréttir	31. L. Félagsfréttir	31. F. Félagsfréttir	31. F. Félagsfréttir	31. F. Félagsfréttir	31. M. Félagsfréttir	31. M. Félagsfréttir	31. L. Félagsfréttir

**Fylgiskjal 2**

**Starfsáætlun 2021 – 2022**  
**Nafn leikskóla**

**Umsögn foreldraráðs**



## Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásbjörn Hagalín Pétursson

Hjalti Sigurðsson

Svanhildur Þorsteinsdóttir

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:





